

Fundargerð

Aðalfundur KGSÍ haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 31. maí og 1. júní 2014. Fundurinn hófst kl. 13:00 fyrri daginn og stóð til kl. 16:00 og seinni daginn hófst hann kl. 10:00 og lauk kl. 12:00.

Dagskrá fundar á laugardeginum 31. maí:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Reikningar KGSÍ fyrir árið 2013 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Fréttir frá kirkjugarðaráði – Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkv. stj.
8. Skýrslan „Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur“ Þrír fulltrúar innan KGSÍ fjalla um skýrsluna. Þeir Erlendur Geir Arnarson KGH, Smári Sigurðsson KGA, og Þórsteinn Ragnarsson KGRP.
9. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGA

Dagskrá fundar á sunnudeginum 1. júní:

10. Kirkjugarðurinn í Borgarnesi – rekstur hans og stækkunaráform.
11. Erindi heimamanns. Egill Ólafsson sagnfræðingur.
12. Önnur mál.

Fundargestir:

Albert Eymundsson	Höfn og Stafafell í Lóni
Arnar Enarsson	Njarðvík
Arnfinnur Einarsson	KGRP
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Bergljót Sigurðardóttir	Útfararþjónusta KGA
Bergur Torfason	Þingeyrarsókn
Bjarni Grímsson	KGRP
Björgvin Hreinsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Erlendur Geir Arnarson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Gestur Andrés Grjetarsson	Borgarnes
Gísli Jónasson	KGRP
Guðbergur Rafn Ægisson	Kirkjugarður Húsavíkur
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Gunnar Vilbergsson	Kirkjugarður Grindavíkur
Gunnþór Gíslason	Selfosskirkjugarður
Halldór Kristinn Pedersen	KGRP
Hallgrímur Jónasson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Helena Sif Þorgeirsdóttir	KGRP

Helga Halldórsdóttir	KGRP
Helga Oddsdóttir	KGRP
Hermann Bj. Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhannes Pálmason	KGRP
Jón Finnsson	Kirkjugarður Borgarness
Jóna St. Sveinsdóttir	Árbæjark. í Holtum
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Kristján Jón Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Kristján Karl Linnét	KGRP
Magnús Gunnarsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Margrét Þórhallsdóttir	Kirkjugarður Húsavíkur
Ólafur Þorgils Guðmundsson	Njarðvíkurkirkjugarður
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir	Keflavík
Reynir Sveinsson	Sandgerði
Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Arnaldsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Gunnarsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Þorsteinn Eyþórsson	Borgarnes
Þorgeir Adamsson	KGRP
Þórður Kristjánsson	Keflavík
Þórhalla Halldórsdóttir	Útfararstofa KGA
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Þórunn Ragnarsdóttir	Árbæjark. í Holtum
Örn Arnarson	Hafnarsókn

Laugardagurinn 31. maí kl. 13:00.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ bauð fundargesti velkomna og hafði á orði náttúrufrægur staðarins og nefndi að útsýnið úr gluggum fundarsalarins væri eins og fallegt málverk. Taldi formaður að þessi frægur gæti hugsanlega haft þau áhrif að fundarmenn horfðu út en ekki á það sem menn væru að sýna máli sínu til stuðnings! Eftir stutt ávarp setti formaður fundinn og stakk upp á Jóhannes Pálmasyni sem fundarstjóra og Þorgeiri Adamssyni sem ritara og var hvoru tveggja samþykkt.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og fór yfir dagskrá fundar og dagskipan og gaf síðan formanni orðið um annan lið dagskrárinnar.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ flutti skýrslu formanns og stjórnar. Skýrslunni var dreift í upphafi fundar og fletti formaður henni. Hann lýsti meginverkefni KGSÍ sem núorðið

er skipting rekstrarframlags ríkisins til kirkjugarða sem og greiðslur til presta fyrir útfarir. Hann greindi frá vel heppnuðum aðalfundi síðasta árs á Akureyri. Fram kom að Katrín Birna Viðarsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn. Formaður kom á framfæri þakklæti til hennar fyrir vel unnin störf. Formaður sagði að haldið verði áfram að fylgja eftir frumvarpi um breyting á lögum um kirkjugarða sem legið hefur fyrir í nokkur ár. Áframhald er á vinnslu upplýsinga upp úr skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kynnt var á síðasta aðalfundi. Formaður greindi frá að vandræði hafi verið við að fullskipa nefnd sem ætlað væri, samkvæmt samkomulagi við innanríkisráðherra, að vinna úr skýrslu um fjármál kirkjugarða o.fl. Formaður greindi frá því að nú rétt fyrir aðalfund hefði hefði tekist að fullskipa í nefndina eftir síðbúna tilnefningu frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Fram kom að formaður hefur miklar væntingar til vinnu þessarar nefndar og þá sérstaklega varðandi fjármálin og frumvarpið. Bautasteinn er nýlega kominn út eins og undanfarin ár.

Fundarstjóri þakkaði fyrir skýrslu formanns og stjórnar og vék að næsta lið og sagði jafnframt að umræður og fyrirspurnir um lið 2 og 3 yrðu teknar saman.

3. Reikningar KGSÍ fyrir árið 2013 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Smári Sigurðsson stjórnarmaður fór yfir og kynnti ársreikninga sambandsins. Hann vakti athygli á áritun skoðunarmanna og stjórnar. Reikningnum var dreift með skýrslu stjórnar í upphafi fundar. Velta KGSÍ hefur verið mjög svipuð undanfarin ár og er uppistaða í tekjum framlag úr kirkjugarðasjóði á grundvelli þjónustusamnings.

Fundarstjóri þakkaði Smára fyrir greinargóða yfirferð og gaf kost á fyrirspurnum. Spurt var um hvernig staðið væri að sölu Bautasteins. Þórsteinn greindi frá því að blaðið væri einungis selt stærri kirkjugörðum. Blaðið er nú selt á 800 kr/stk. og kaupa KGRP flest blöð (60 stk.) síðan fækkar þeim allt niður í 5 stk. og er þá miðað við garða í flokki 5 en gördum þar fyrir neðan (dreifbýlisgördum) er sleppt. Fram kom að þetta er hugsað sem stuðningur við útgáfuna og kjörið tækifæri fyrir kirkjugarðastjórnir til að dreifa blaðinu innan héraðs og efla þannig vitneskju og umræður um málefni kirkjugarða.

Ólafur Valgeirsson kom í púlt og benti á að með rekstraráætlun ættu að fylgja rauntölur síðasta árs ásamt áætlun síðasta árs. Sagði hann að með því mætti sjá atriði sem ella sæjust ekki. Ólafur bætti því við að hann vildi gjarnan kaupa eintök af Bautasteini. Honum sýndist vera 11-13% tap á útgáfunni en hann telur að hún ætti helst að vera án taps.

Gísli Jónasson spurði um það hvort rétt væri að gera áætlun fyrir 2015. Smári gerði grein fyrir kostnaði við ítarefni. Gestur Andrés Grétarsson spurði hvort ekki væri réttara að vera með vefútgáfu.

Formaður sagði að fjárhagsáætlun komandi árs væri gerð í árslok hverju sinni og teldi hann það nægjanlegt. Bautasteinn er rekinn á eins hagkvæman hátt og hægt er. Þeir sem skrifa í blaðið fá ekki greitt fyrir það. Greitt er fyrir ritstjórn og söfnun auglýsinga og tekjunnar koma frá auglýsingasölu og sölu blaðsins til stærri kirkjugarða. Stefnt er að því að blaðið beri sig hverju sinni en það hefur ekki tekist síðustu ár. Formaður taldi að lestur blaðsins yrði mun minni ef blaðið væri einungis gefið út sem vefmiðill en blaðið væri jafnframt sett í heild sinni á netið.

Örn Arnarson sagði frá því að hann dreifi blaðinu á nokkra staði á Höfn.

Fundarstjóri bar upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Tillaga um endurkjör formanns var einróma samþykkt.

5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson voru einróma endurkjörnir sem aðalmenn. Þórunn Ragnarsdóttir og Indriði Valdimarsson voru kjörin sem varamenn.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.

Þjóðbjörn Hannesson, Akranesi og Sveinn Valdimarsson, Keflavík voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Erlendi Geir Arnarsyni fráfarandi skoðunarmanni reikninga voru færðar bestu þakkir en hann er að hætta í stjórn KGA.

7. Fréttir frá kirkjugarðaráði – Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkv.stj.

Guðmundur Rafn Sigurðsson flutti erindi þar sem hann greindi frá hlutverki sínu og starfi sem umsjónarmaður kirkjugarða og sem framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Hann greindi frá sögu embættisins sem hann gegnir og sýndi myndir, bæði frá fyrri tíð og nýlegar myndir. Einnig sagði hann frá ýmsum verkefnum sem styrkt höfðu verið af Kirkjugarðaráði.

Fundarstjóri þakkaði Guðmundi Rafni fyrir gott erindi. Albert Eymundsson þakkaði Guðmundi Rafni fyrir gott erindi og lýsti ánægju með samstarf sitt við hann. Fundarstjóri gerði fimm mínútna hlé á fundi.

8. Skýrslan „Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur“ Þrír fulltrúar innan KGSÍ fjalla um skýrsluna. Þeir Erlendur Geir Arnarson KGH, Smári Sigurðsson KGA, og Þórsteinn Ragnarsson KGRP.

Smári Sigurðsson rifjaði upp að á árunum 2000 – 2003 var farið í að undirbúa breytingu á tekjukerfi kirkjugarða með útgáfu skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út 2003. Samningur var gerður við ríkið 2005. Frá 2009 hefur verið skerðing á greiðslum til kirkjugarða. Hann fór yfir rekstur Kirkjugarða Akureyrar og bar saman við tekjur. Þar kom fram að einingaverð til kirkjugarða eru of lág miðað við raunkostnað. Einnig sagði hann frá umhirðu, tekjum og kostnaði Laugalandsprestakalls. Fram kom að almennt virðist vera mikill munur á tekjuþörf og raunverulegum tekjum. Haraldur L. Haraldsson bendir á í skýrslunni að ýmsir kirkjugarðar standa vel og hafa safnað í sjóð og sumir þeirra eiga eftir að fara í farmkvæmdir sem sumar eru fjárfrekar. Mikil sjálfböðavinna skeykir tekjuþörf margra kirkjugarða.

Erlendur Geir Arnarson fjallaði um það hvort kirkjugarðar ættu að standa í rekstri líkhúsa. Vísaði hann til heimildar í lögum sem heimilaði reksturinn. Varpaði hann þeirri spurningu fram, hvort kirkjugarðar með núverandi rekstri líkhúsa stæðu ekki í góðgerðastarfsemi fyrir ríkið. Einnig spurði hann að því hvaða sýn menn hefðu á fyrirkomulagið.

Arnór Sigurðsson sagði að margir sem vistaðir væru í líkhúsi KGRP og KGH væru frá öðrum sveitarfélögum og þar með væru þeir garðar sem greiddu rekstrarkostnaðinn að niðurgreiða kostnað sem aðrir ættu að sjá um.

Þórsteinn Eypórsson skaut því inn að nú væri rekstur líkhúss í Borgarnesi á vegum heilsugæslunnar þar í bæ.

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði sagði að reksturinn þar í bæ væri á höndum sveitarfélagsins. Frekari umræður voru um ástand mála og brýna þörf á breytingum þar á. Fundarstjóri þakkaði Erlendi fyrir gott innlegg.

Þórsteinn Ragnarsson ræddi um hvort KGSÍ ætti að taka upp „skraddarasaumað“ greiðslukerfi fyrir kirkjugarða landsins, þ.e. að rekstrargreina hvern garð mun meira en gert er. Þórsteinn sagði það vel fært að fara yfir hvern garð og sérmeta tekjuþörf hans. Mun erfiðara væri að fá þau einingaverð, sem út væru reiknuð, samþykkt af ráðamönnum og greiða eftir þeim. Fundarstjóri þakkaði Þórsteini fyrir gott innlegg.

Bjarni Kr. Grímsson benti á að víða væri ekki allur kostnaður færður inn á ársreikninga vegna t.d. sjálfboðavinnu. Slíka atriði þyrfti að taka með í reikninginn. Hann benti einnig á að útfararstjórar ynnu sín störf gjarnan í húsakosti kirkjugarða, líkhúsum, án endurgjalds. Fundarstjóri vísaði í og las úr álitum umboðsmanns Alþingis um líkhúsgjaldið. Þar kom fram að vegna hefðar ætti rekstur líkhúsa í eigu kirkjugarða að vera á könnu þeirra kirkjugarða. Fram kom að grunntónn í álitum umboðsmanns var að stjórnvöld skýrðu lögin hvað þetta varðar. Þórsteinn sagði að ársreikningar einir og sér gæfu ekki rétta mynd af raunveruleikanum, margt þyrfti að skoða, þar á meðal hvort þau lögbundnu verkefni, sem hver kirkjugarður ætti að uppfylla, væru unnin. Gunnþór Gíslason spurði hvort fundurinn ætti að senda frá sér ályktun og var tekið vel í það og stjórn KGSÍ falið að semja hana.

Fundarstjóri frestaði dagskrárlíð 9 til morguns og gerði hlé á fundi.

Sunnudagurinn 1. júní kl. 10:00.

Bjarni Kr. Grímsson tók við fundarstjórn þar sem Jóhannes Pálmason gat ekki verið viðstaddur seinni fundardaginn.

9. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGA.

Stefán Gunnarsson sagði frá starfsemi í Kirkjugörðum Akureyrar. Stefán fjallaði um helstu verkþætti sem snúa að umhirðu garðanna og hvernig verkin eru unnin og málum háttað. Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir gott erindi.

10. Kirkjugarðurinn í Borgarnesi – rekstur hans og stækkunaráform.

Þórsteinn Eyþórsson sagði frá rekstri Borgarneskirkjugarðs og stækkunaráformum sem eru framundan. Búið er að skipuleggja, hanna og bjóða út verkið og mun vera kominn verktaki sem tekur það að sér. Fundarstjóri þakkaði Þórsteini Eyþórssyni fyrir gott erindi.

11. Erindi heimamanns. Egill Ólafsson sagnfræðingur.

Egill Ólafsson sagnfræðingur vinnur við að færa á bók sögu Borgarness. Hann greindi frá ýmsum atburðum úr sögu bæjarins, samskiptum ráðamanna og þá sérstaklega sóknarprests og sýslumanns. Fundarstjóri þakkaði Agli Ólafssyni fyrir gott erindi.

12. Önnur mál.

Fundarstjóri las upp drög að ályktun fundarins. Hér að neðan er tillagan orðrétt eins og hún fór til móttakenda eftir fundinn:

„Ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands, sem haldinn var í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní 2014, send innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Aðalfundurinn fagnar því að innanríkisráðherra hafi skipað þriggja manna nefnd eftir tilnefningu frá innanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og kirkjugarðaráði til að fara yfir fjármál kirkjugarða, m.a. skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings, sem kom út árið 2013, samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og fleiri brýn mál er snerta málaflokkinn, s.s. frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða sem bíður afgreiðslu þingsins.

Ætla má að meginverkefni nefndarinnar verði að bera saman fjárveitingar ríkisins við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða.

Lögð er áhersla á að þau mörgu brýnu málefni kirkjugarða, sem verið hafa á borði innanríkisráðherra, verði afgreidd í framhaldi af störfum nefndarinnar þjóðinni til heilla.

Borgarnesi, 1. júní 2014,

f. h. stjórnar KGSÍ,

Þórsteinn Ragnarsson,

formaður“

Formaður sagði frá erindi sem barst frá innanríkisráðuneyti skömmu fyrir aðalfundinn en það er beiðni um umsögn KGSÍ um gjaldskrárdrög milli Prestafélags Íslands og ráðuneytisins vegna þjónustu presta við útfarir.

Fundarstjóri las upp drög að samningnum eins og hann kom frá ráðuneytinu. Hann lagði til að stjórn KGSÍ yrði falið að svara ráðuneytinu og gera tillögu um breytingu á texta samningsins sem er of opin. Þórsteinn telur að skilgreina þurfi nákvæmlega þá kílómetratölu sem greitt er fyrir útfararakstur, bæði innan og utan prestakalls. Umræður voru töluverðar um málið. Leiðbeiningar og reglur þurfa að vera alveg skýrar um það hvernig kostnaður er reiknaður út. KGSÍ hefur annast greiðslu þessa kostnaðar og taldi formaður að útilokað væri að halda þeirri þjónustu áfram nema hafa þak á akstri. Smári bar saman kostnaðartölur úr dreifbýli annars vegar og þéttbýli hinsvegar.

Fundurinn samþykkti að fela stjórn KGSÍ að svara erindinu og skýra betur og skilgreina orðalag í reglunum varðandi kostnað við akstur. Einnig að ríkið láti fylgja greiðslur til kirkjugarða vegna þess kostnaðarauka sem af hlytist.

Smári Sigurðsson fjallaði um skráningaskyldu kirkjugarða og presta vegna jarðsetninga sem gengur nokkuð vel þar sem búið er að tengja saman skráningar og greiðslur. Kerfið er farið að flæða vel. Í einstaka tilviki þarf að grípa inn og leiðrétta.

Fram kom spurning um það hvort of mikið væri að halda aðalfundi árlega og hvort ástæða væri að hafa aðalfundi sem væru minni í sniðinu t.d. annað hvert ár en stærri aðalfundi þess á milli. Þórsteinn sagði það sína skoðun að halda beri aðalfund árlega til að halda góðum takti við grasrótina en vissulega væri alltaf ástæða til að líta á kostnaðarhliðina. Fram kom að aðalfundir væru eini vettvangur starfsmanna kirkjugarða til að fjalla um sín málefni. Ólafur Valgeirsson og margir fleiri tóku undir þá skoðun að hittast árlega. Rætt var um tímasetningu aðalfundar. Arnór Sigurðsson lagði til að fundur yrði færður frammar í árinu eða þá að halda

hann seinna í árinu, í október. Erlendur Geir telur árlegan aðalfund vera ómetanlegan vettvang fyrir starfsmenn garðanna.

Fleira var ekki rætt og þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund.

Þórsteinn þakkaði fundargestum fyrir mjög góða samveru og árangursríkan aðalfund og fundarstjóra og fundarritara þeirra störf. Hann minnti á 20 ára afmæli KGSÍ á næsta ári og athugað verði að færa til tímasetningu aðalfundar, það síðan almættið að blessa heimferð allra og sagði fundi slitið.

Fundargerð ritaði Þorgeir Adamsson, KGRP.



Sá myndir af aðalfundi á slóðinni: <http://www.kgsi.is/myndir2014/>

Erindi sem flutt voru á fundinum: <http://gardur.is/kgsi.php?file=http://www.kgsi.is/adalfundur2014/>